



144. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn miðvikudaginn 15. mars í bóknámshúsi skólans og hófst hann kl. 17:00.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Ólafur Eggertsson, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Reikningar ársins 1988.

Reikningar fyrir árið 1988 höfðu verið boðsendir skólanefndarmönnum nokkrum dögum áður. Reikningarnir voru skýrðir nánar og síðan vísað til síðari umræðu sem verður á næsta skólanefndarfundi.

2. Samþykkt fjárhagsnefndar SSS.

Hjálmar Árnason og Guðmundur Björnsson greindu frá fundi sem þeir áttu með fjárhagsnefnd SSS varðandi aukna fjárveitingu til stofnbúnaðar skólans. Fjárhagsnefnd SSS hefur síðan mælt með því að framlög sveitarfélaganna verði hækkuð um kr. 600.000.- Samþykkt að skrifa SSS bréf og þakka veittan stuðning í þessu máli.


3. Önnur mál.

- a) Fundartími næsta fundar ákveðinn 10. apríl n.k.
- b) Upplýst var að væntanlegt væri erindisbréf frá samgöngunefnd S.S.S. varðandi endurskipulagningu skólaakstur.
- c) Hjálmar Árnason skýrði frá bréfi Menntamálaráðuneytisins þar sem fram kemur að þremur skólum, þ.e. Verkmenntaskólanum á Akureyri, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskólanum í Ármúla er veitt heimild til að taka upp kennslu í fósturliðabraut. Þetta er ný námsbraut, sem tekur fjórar annir auk níu mánaða starfspjálfunar. Samþykkt að hefja kennslu á þessari braut í haust.
- d) Hjálmar Árnason ræddi um fyrirmæli yfirvalda að skera niður launaliði ríkisstofnana um 4% á þessu ári. Samþykkt að leita leiða í þeim efnum.
- e) Hjálmar Árnason upplýsti að fyrirhugað væri að hann færi nú í sumar til eins árs námsdvalar í Kanada. Hann gat þess einnig að nú í vor rynni út ráðningartími Ingólfs Halldórssonar, aðstoðarskólameistara.

- f) Það upplýstist að skólinn er lánaður í páska vikunni til listsýningar vegna 40 ára afmælis Keflavíkurbæjar. Hjálmar gat þess að skólanum hefði borist styrkur frá Listskreytingarsjóði ríkisins til kaupa á listaverki eftir Ásgerði Búadóttur, þetta er listvefnaður og ber nafnið **Geisladagar**.
- g) Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, greindi frá komu þriggja manna frá Öryrkjabandalagi Íslands, en þeir voru að kynna sérstaka aðferð sem reynd hefur verið m.a. í Menntaskóla Kópavogs, varðandi fræðslu öryrkja þar sem nemendur skólans eru virkir þátttakendur. Það vakti undrun komumanna hve skólabyggingin er gjörsneydd allri aðstöðu fyrir öryrkja svo sem engin lyfta, ekkert salerni fyrir fólk í hjólastól og ýmislegt fleira sem nú þykir sjálfsagt í opinberum byggingum.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Jón Sæmundsson,
fundarritari.


Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.